



## UMBOÐSMAÐUR BARNA

Reykjavík 6. desember 2023

### **Efni: Ósk um fund vegna stöðu fylgdarlausra barna og barna sem koma í fylgd annarra en foreldra sinna og hafa óskað eftir alþjóðlegri vernd**

Fylgdarlaus börn og börn sem koma hingað til lands í fylgd annarra en foreldra sinni, í leit að alþjóðlegri vernd, eru í sérstaklega viðkvæmri stöðu.

Fram kemur í 5. mgr. 37. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016 að við mat á umsókn barns um alþjóðlega vernd, hvort sem barn er fylgdarlaust eða ekki, skuli það sem er barninu fyrir bestu haft að leiðarljósi. Við mat á því hvað barni er fyrir bestu skal Útlendingastofnun líta til möguleika barns á fjölskyldusameiningu, öryggis þess, velferðar og félagslegs þroska auk þess sem taka skal tillit til skoðana barnsins í samræmi við aldur þess og þroska. Þá kemur einnig fram að við framkvæmd ákvæðisins skuli Útlendingastofnun eiga samráð við barnaverndaryfirvöld. Þegar um er að ræða fylgdarlaus börn er skylt að leita umsagnar Barna- og fjölskyldustofu áður en ákvörðun er tekin um að synja barni um áframhaldandi dvöl hér á landi. Þá kemur jafnframt fram í lögunum að áður en ákvörðun er tekin um að fylgdarlaust barn skuli yfirgefa landið, skuli Útlendingastofnun ganga úr skugga um að barninu sé tryggð aðstoð barnaverndarþjónustu svo að það sem barninu er fyrir bestu sé haft að leiðarljósi. Áður en slík ákvörðun kemur til framkvæmdar skal Barna- og fjölskyldustofa jafnframt ganga úr skugga um að í ríkinu sem barninu er vísað til séu ættingjar, forsjáraðilar eða fullnægjandi móttökuaðstaða fyrir börn.

Þrátt fyrir að almennt verði umsókn barns ekki tekin til efnismeðferðar hafi því verið veitt vernd í öðru ríki, er þó heimild í 2. mgr. 36. gr. laga um útlendinga að taka umsókn til efnismeðferðar ef sérstakar ástæður mæla með því.

Vegna fjölda ábendinga sem umboðsmanni barna hafa borist vegna málefna barna á flóttá óskar umboðsmaður barna eftir fundi með dómsmálaráðherra, forstjóra Útlendingastofnunar og forstjóra Barna- og fjölskyldustofu, til þess að fara yfir mál fylgdarlausra barna sem sótt hafa um alþjóðlega vernd á Íslandi og málefni barna sem hingað koma í fylgd fullorðinna aðila annarra en foreldra þeirra. Umboðsmaður barna óskar eftir því að á fundinum verði farið yfir forsendur forsjár barna sem komið hafa hingað til lands í fylgd annarra en foreldra og m.a. á hvaða grundvelli viðkomandi einstaklingar haldi forsjá þegar ákvörðun hefur verið tekin um að vista börnin í fóstri. Sé slík staða fyrir hendi að þeir sem fara með forsjá barns geti ekki sinnt skyldum sínum gagnvart barninu, eða barnaverndarþjónusta telur að umsjá barnsins sé ekki fullnægjandi, óskar umboðsmaður sérstaklega eftir upplýsingum um það hvernig tryggja eigi viðunandi umsjá barnsins í því ríki þar sem barnið hefur fengið alþjóðlega vernd,

ef til stendur að vísa barninu úr landi, ekki síst þegar ljóst er að barnið muni ekki geta sameinast foreldrum sínum.

Jafnframt óskar umboðsmaður eftir að farið verði yfir forsendur þeirra ákvarðana að taka ekki til efnislegrar meðferð umsóknir fylgdarlausra barna um alþjóðlega vernd og hvernig mat er lagt á bestu hagsmuni barnsins við töku slíkra ákvarðana. Þá óskar umboðsmaður einnig eftir að ræða fyrirkomulag þjónustu við fylgdarlaus börn hér á landi á meðan umsókn er til meðferðar, meðferð umsókna, málsmeðferðartíma og hvort dómsmálaráðuneytið og Útlendingastofnun telji þörf á að taka til skoðunar meðferð þessara mála með hliðsjón af samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins ásamt öðrum alþjóðlegum skuldbindingum Íslands á sviði mannréttinda.

Virðingarfyllt,

A handwritten signature in blue ink that reads "Salvör Nordal". The signature is written in a cursive, flowing style.

Salvör Nordal, umboðsmaður barna